

# STÆKKUN ALIFUGLABÚS Á MELAVÖLLUM, KJALARNESI, REYKJAVÍK

## Ákvörðun um matsskyldu

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun alifuglabús á Melavöllum, Kjalarnesi, Reykjavík, úr 84.000 stæðum í allt að 196.000 stæði kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum.

Matfugl ehf. tilkynnti um framkvæmdina á grundvelli töluliðar 13a í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, þar sem um væri að ræða stækkun á framkvæmd sem þegar hefði verið leyfð. Tilkynnt framkvæmd fól í sér stækkun búsins um 112.000 stæði fyrir kjúklinga. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eru stöðvar þar sem fram fer þaueldi alifugla með 85.000 stæði fyrir kjúklinga matskyld skv. tölulið 9i í 1. viðauka laganna. Fyrirhuguð stækkun er ríflega umfram þau stærðarviðmið sem fram koma í umræddum tölulið. Töluverð óvissa er um hve mikil umhverfisáhrif úrgangur frá búinu mun hafa í för með sér. Til þess að upplýst ákvarðanatáka geti átt sér stað varðandi umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar, sérstaklega í ljósi umfangs hennar, er þörf á að fá betri vitneskju um ýmsa þá þætti framkvæmdarinnar sem valdið geta áhrifum á umhverfi sitt.

Einkum hvað varðar eftirfarandi þætti sem tilgreindir eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.b.:

1. Eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:
  - i. stærðar og umfangs framkvæmdar
  - ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum
  - iv. úrgangsmýndunar
  - v. mengunar og ónæðis
2. Staðsetningu framkvæmdar þ.e. hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á með tilliti til:
  - i. landnotkunar sem fyrir er eða fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun
3. Eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar þ.e. áhrifa framkvæmda með tilliti til:
  - ii. stærðar og fjölbreytileika áhrifa
  - iii. þess hverjar líkur eru á áhrifum

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. ágúst 2007.

## INNGANGUR

Þann 14. maí 2007 tilkynnti Línuhönnun fyrir hönd Matfugls, stækkun alifuglabús á Melavöllum, Kjalarnesi, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a, sbr. liður 1 f í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Landbúnaðarstofnunar, umhverfissviðs Reykjavíkur og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 12. júní 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 6. júní 2007, Landbúnaðarstofnun með bréfi dags. 7. júní 2007, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júní 2007 og umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 31. maí 2007, móttakið 12. júní 2007.

Frekari upplýsingar bárust frá Línuhönnun f.h. Matfugls með tölvupósti dags. 19. og 21. júní 2007.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

### Fyrirhuguð framkvæmd.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé stækkun á kjúklingabúi Matfugls á Melavöllum á Kjalarnesi, Reykjavík. Jörðin, sem liggja að sjó, sé 16,3 ha að stærð, þar af sé helmingur ræktað land með áveituskurðum. Stækkun kjúklingabúsins felist í fjölgun á stæðum fyrir kjúklinga úr 84.000 stæðum í 196.000 stæði, samtals aukningu um 112.000 stæði. Aukið byggingamagn felist í byggingu fjögurra nýrra húsa, hvert um sig 1.700 m<sup>2</sup> og áformuð stækkun sé því samtals 6.800 m<sup>2</sup>. Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að svara aukinni eftirspurn eftir kjúklingakjöti í landinu en sala á alifuglakjöti hefur stórauðist hér á landi síðustu ár og nam hlutdeild þess um 27% í kjötsölu innanlands árið 2006.

**Áhrif á jarðveg og vatnsgæði.** Fram kemur að gert sé ráð fyrir að 1.060 tonn af hænsnaskít muni falla frá fyrirhuguðu búi á ári og byggja þær upplýsingar á nýlegum mælingum framkvæmdaraðila. Fram kemur að viðmiðunargildi fyrir köfnunarefnisinnihald (N) í skít frá búrhænum sé 4 kg N/tonn/ár. Kjúklingar í fyrirhuguðu búi gangi frjálssir, að mestu leyti á upphituðum gólfum með spón sem undirburð. Við slíkar aðstæður sé gert ráð fyrir að köfnunarefnisinnihald verði 2,5 kg N/tonn af skít. Heildarmagn köfnunarefnis frá búinu verði því 2.650 kg N/tonn/ári. Magn hænsnaskíts til dreifingar kalli á u.þ.b. 15,5 ha lands. Ætlunin sé að dreifa skítinum á 8 ha af ræktuðu land Melavalla auk þess sem leyfi hafi fengist til að dreifa skít á 70 ha af óræktuðu landi aðliggjandi jarðar, Dalsmýnnis. Farið verði með skítinn til tímabundinnar geymslu í haughúsum að Hurðarbaki í Svínadal, þegar aðstæður til dreifingar hans á tún eru ekki fyrir hendi, frá 1. nóvember til 15. mars og að jafnaði ekki þegar frost er í jörðu.

Fram kemur að jörðin sé ekki á vatnsverndarsvæði og ekki í rennslisstefnu að þeim. Frárennsli frá húsunum verði veitt í tvo sérstaka settanka - og siturlagnakerfi áður en því verði veitt út í umhverfið.

**Áhrif á lofgæði.** Fram kemur að gert sé ráð fyrir að alifuglahús verði í rúmlega 700 m fjarlægð frá næsta bæ á Bakka. Framkvæmdaraðili getur þess að engar kvartanir um lyktarmengun hafi borist frá nágrönnum alifuglabúsins að Melavöllum, hvorki beint né til opinberra aðila.

**Samræmi við skipulagsáætlanir.** Í framlögðum gögnum kemur fram að jörðin sé skilgreind sem landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024. Tillaga að breyttu deiliskipulagi sem heimili allt að fjögur ný alifuglahús hafi verið tekin fyrir hjá skipulagsfulltrúa í febrúar 2007 og umhverfisskýrsla, sem unnin verði í samráði við Reykjavíkurborg og Skipulagsstofnun verði auglýst með skipulagstillögunni.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við framlögð gögn og telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Landbúnaðarstofnun gerir ekki athugasemdir varðandi framlögð gögn og telur ekki líklegt framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða brjóti í bága við lög og reglugerðir er varða dýr og dýraheilbrigði. Umhverfissvið Reykjavíkur telur að framkvæmdin eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum vegna umfangs stækkunar og gerir athugasemdir við framlögð gögn. Borgarráð Reykjavíkur samþykkir umsögn umhverfissviðs. Umhverfisstofnun gerir ýmsar athugasemdir við framlögð gögn og telur líkur á að framkvæmdin geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Jafnframt telur stofnunin eðlilegt að meta skuli umhverfisáhrif framkvæmdarinnar vegna umfangs.

**Umfang stækkunar.** Umhverfisstofnun vekur athygli á í umsögn sinni að samkvæmt tölulið 19 í 1. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum séu stöðvar þar sem fram fer þaueldi alifugla með 85.000 stæði fyrir kjúklinga meðal framkvæmda sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Sú stækkun sem nú sé fyrirhuguð hjá Matfugli ehf. sé því meiri en sem nemur framangreindu viðmiði í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og stærð búsins eftir stækkun yrði meira en tvöföld sú stærð. Umhverfisstofnun telur eðlilegt miðað við umfang stækkunarinnar og sammögnunaráhrifa með þeirri starfsemi sem þegar hefur verið leyfð að metin verði umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar segir í umsögn sinni að umrædd framkvæmd eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem um sé að ræða stækkun úr 84.000 stæðum fyrir kjúklinga í 196.000 stæði, sem sé meira en tvöföldun á umfangi rekstrarins.

Framkvæmdaraðili svarar því til að þar sem um viðbót við framkvæmd sem þegar hefur verið leyfð sé að ræða hafi hún verið tilkynnt inn skv. tölulið 13a í 2. viðauka laganna.

**Áhrif á menningarminjar.** Fornleifavernd ríkisins bendir á að kannað hafi verið hvort fornleifar væru á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, svo hafi ekki verið og jafnframt bendi heimildir ekki til þess að svo sé. Ef komi í ljós að framkvæmdin muni spilla fornleifum þurfi að leita leyfis stofnunarinnar til þess að fá að raska þeim og sæta skilmálum sem settir verða.

**Áhrif á landnotkun.** Umhverfissvið Reykjavíkurborgar bendir á að á Kjalarnesi séu nú þegar nokkur stór alifugla- og svínabú og svæðið nú þegar undir talsverðu álagi af þeim sökum. Því þurfi að meta áhrif þessa stóra bús í samhengi við þá staðreynd.

Framkvæmdaraðili svarar því til að alifuglabú Matfugls sé staðsett utan þess svæðis á Kjalarnesinu þar sem alifugla- og svínarækt og almennur landbúnaður sé hve þéttastur.

Umhverfisstofnun bendir á að eyðijörðin Ártún sé í innan við 500 m fjarlægð frá búinu og komi til framkvæmda verði ekki hægt að byggja þar íbúðarhúsnæði. Því gæti fyrirhuguð stækkun á kjúklingabúu Matfugls haft áhrif á landnýtingarmöguleika Ártúns í framtíðinni.

Í svörum Matfugls ehf. kemur fram að áætlað hefði verið að þegar deiliskipulagsbreyting færi í auglýsingu þá gæfist eigendum Ártúns tækifæri til að kynna sér málið og koma athugasemdum á framfæri.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við dreifingu áburðar í nágrenni Dalsmynnis. Stofnunin bendir á að eins og fram komi í tilkynningu um framkvæmdina sé áætlað að ræktað land á jörðinni Melavöllum sem notað verði undir áburð sé u.þ.b. 8 ha. Einnig fáist afnot af 70 ha lands hjá landeiganda Dalsmynnis til þess að setja áburð á. Þar sem hundahótel sé rekið að Dalsmynni telji Umhverfisstofnun rétt að gert verði grein fyrir staðsetningu þess svæðis sem nýtt verður undir áburðargjöf miðað við aðra landnotkun. Gera þyrfti grein fyrir hvort útivistarsvæði fyrir hunda er í næsta nágrenni við það og hvort einhver smithætta er fyrir hendi.

Matfugl ehf. segir að þeir 70 ha lands sem hann hafi vilrði til að nýta undir áburð á Dalsmynni sé ónytjað og óræktað land sem nýtt var til beitar og talin sé þörf á að rækta það upp. Það sé því hagur beggja að nota hæsnaskítinn í þessum tilgangi. Þess beri að geta að á Dalsmynni sé ekki rekið hundahótel. Þar fari eingöngu fram ræktun á smáhundum og þeim sé aldrei sleppt lausum. Þeir fari einungis út í afgirt gerði sem þeir komist ekki út úr. Það sé því ekki hætta á því að hundar frá Hundaræktun Dalsmynni ehf. verði á því svæði sem notað verði undir áburðargjöf.

**Úrgangur.** Magn hæsnaskíts Umhverfisstofnun gerir athugasemdir varðandi mælingu sem framkvæmdaraðili gefur upp um áætlað magn hæsnaskíts sem fellur til á einum eldistíma, en sú mæling gaf 5,4 kg/fugl/ár, sem sé undir viðmiðunargildi 10-17 kg/fugl/ár sem gefið er upp í skýrslu frá Evrópusambandinu „*Reference Document on Best Available Techniques for Intensive Rearing in Poultry and Pigs*“, frá júlí 2003 og miðað við þau gildi féllu til kringum 2000-3300 tonn af hæsnaskít á ári frá kjúklingabúinu.

Í svörum Matfugls ehf. kemur fram að magn hæsnaskíts sem falli frá kjúklingabúum sé afar mismunandi. Samkvæmt mælingum í júlí 2006 hafi magn skíts verið 0,73 kg/fugl yfir eldistímann (7 vikur) sem samsvarar um 5,4 kg/fugl/ári (án spóns). Þessar upplýsingar liggi fyrir og eðlilegt að miða við þau gildi fremur en mjög mismunandi gildi frá búum annars staðar í Evrópu.

Magn köfnunarefnis í hæsnaskít. Umhverfisstofnun gerir einnig athugasemdir við áætlað köfnunarefnisinnihald í þeim skít sem falla mun frá búinu. Stofnunin bendir á að í öðru riti útgefið af Evrópusambandinu „*Establishment of Criteria for the Assessment of the Nitrogen Content of Animal Manures*“ (sem gefið var út vegna tilskipunar um níturat sem lögleidd hefur verið hér á landi) komi fram að viðmiðunargildið fyrir magn köfnunarefnis (N) frá kjúklingabúi sé 0,4 kg N/fugl/ár. Í tilkynningu um framkvæmdina sé hins vegar reiknað með 2,5 kg af köfnunarefni fyrir hvert tonn af skít, sem gefur um 0,014 kg N/fugl/ár. Í ljósi þess hversu mikil stækkun er fyrirhuguð og þar sem gögn virðast ekki vera í samræmi við aðrar upplýsingar sem Umhverfisstofnun hefur undir höndum og byggja á fremur veikum grunni, sé mikilvægt að framkvæmdaraðili leggi fram frekari gögn til staðfestingar á því að þær upplýsingar sem fram koma í tilkynningu um framkvæmdina séu réttar.

Matfugl ehf. svarar því til að það sé mjög misjafnt eftir löndum hvaða viðmið séu notuð um magn köfnunarefnis sem hver fugl skilar frá sér. Í Danmörku sé notast við 40 kg N/1000 fugla/ári eða 0,040 kg N/fugl/ári. Í Bretlandi sé miðað við 0,64 kg N/fugl/ári. Þetta sé það magn sem fuglarnir skila frá sér en af því megi reikna með að tæpur helmingur gufi upp. Magnið miðist fyrst og fremst við lengd framleiðsluhringingsins. Framleiðsluhringurinn sé 49 dagar hjá Matfugli en hjá Evrópusambandinu sé miðað við 40 daga. Ef litið sé til danska viðmiðsins megi vel áætla að af þeim 0,040 kg N sem hver fugl skilar frá sér gufi tæpur helmingur upp og u.þ.b. 0,021 kg N fari út sem áburður. Þar sem Matfugl hafi lengri framleiðsluhring og hita í gólfum í húsum sínum, sem eykur verulega á uppgufun, sé þetta magn líklega minna. Því sé 0,014 kg N/fugl/ári ekki fjarri lagi. Til að vita þetta með vissu væri þörf á nákvæmum mælingum sem í sjálfu sér væru ekki mjög flóknar, en afar ólíklegt er að frávik frá áætluðum gildum sé mikið.

Áburðargöf. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt „*Starfsreglum um góða búskaparhætti*“ skuli áætla áburðarþörf m.a. með tilliti til jarðvegsgerðar, nytjajurta og vaxtarskilyrða á hverri spildu. Það magn búfjáráburðar sem megi fara á hvern hektara, þar á meðal frá beitardýrum, eigi ekki að fara yfir 170 kg af nýtanlegu köfnunarefni á svæðum sem kortlögð hafa verið sem viðkvæm fyrir köfnunarefni sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Áburðarþörf ætti í flestum tilvikum ekki að vera meiri en sem nemur 120 – 140 kg N/ha. Samkvæmt gögnum Matfugls ehf. sé þörf á u.þ.b. 15,5 ha lands til að taka við árlegu magni skíts. Umhverfisstofnun vekur athygli á að ef miðað er við viðmiðunargildi í „*Establishment of Criteria for the Assessment of the Nitrogen Content of Animal Manures*“ fyrir niturmagn sem kemur frá kjúklingum þá væri þörfin á landrými mun meiri eða um 460 ha lands.

Matfugl ehf. bendir á að það svæði sem mun taka á móti hæsnaskítum frá starfseminni hafi ekki verið kortlagt sem viðkvæmt fyrir köfnunarefni, heldur sé hér um að ræða óræktað land sem þörf sé á að rækta upp. Það megi því ætla að viðmiðið 170 kg/ha sé varlega áætluð. Þess beri að geta að þau viðmið sem fram koma í „*Starfsreglum um góða búskaparhætti*“ varðandi búfjáráburð hafi verið viðurkennd af helstu embættum sem tengjast landbúnaði og góðum búskaparháttum í landinu s.s. embætti yfirdýralæknis, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaganna, Bændasamtökum Íslands og Hollustuvernd ríkisins (núna UST). Þá bendir Matfugl ehf. á að gengið væri út frá dönsku viðmiðunum varðandi köfnunarefnisinnihald áburðar 0,021 kg N/fugl/ári, þá

myndi landþörf fyrir áburðargjöf aukast í rúma 24 ha sem er vel innan þeirra 78 ha sem framkvæmdaraðili hafi til umráða.

**Dreifing hæsnaskíts og geymsla í haughúsum** Umhverfisstofnun segir að samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina verði hæsnaskít dreift á tiltæk svæði á tímabilinu mars til nóvember en þess fyrir utan verði farið með úrganginn til tímabundinnar geymslu í haughúsunum að Hurðabaki. Áætlað sé að þau taki við 500-600 tonnum af skít. Það ætti að duga ef mælingar Matfugls séu réttar. Ef þær mælingar séu hins vegar ekki réttar dugi haughúsin ekki fyrir öllum þeim hæsnaskít sem falla mun til á tímabilinu desember til loka febrúar. Umhverfisstofnun veur einnig athygli á að samkvæmt reglugerð nr. 804/1999 skuli við það miðað að dreifing búfjáraburðar fari að jafnaði fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert og að jafnaði sé ekki dreift á frosna jörð. Því telur stofnunin að vart sé hægt að gera ráð fyrir að skít verði dreift frá byrjun mars og alveg fram í lok nóvember, sbr. einnig „*Starfsreglur um góða búskaparhætti*“. Einnig verði að gera ráð fyrir að geymslan geti tekið meiri hæsnaskít þegar veðurfar lengi það tímabil á veturna sem ekki sé hægt að dreifa skítinum.

Matfugl ehf. bendir á að fram hafi farið fram nákvæmar mælingar á því magni hæsnaskíts sem falli til frá alifuglabúsum Matfugls og engin ástæða til annars en að ætla að þær gefi raunsæja mynd af magni hæsnaskíts frá kjúklingabúinu á Melavöllum. Ef miðað sé við að dreifing búfjáraburðar fari fram á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember þá sé hér um að ræða 7,5 mánaða tímabil. Þörf sé því á geymslu fyrir 4,5 mánaða tímabil. Heildarmagn hæsnaskíts sem falli til á stækkuðu búi yrði u.þ.b. 1.060 tonn á ári eða um rúm 88 tonn á mánuði. Í þá 4,5 mánuði sem hæsnaskítur yrði geymdur í haughúsum myndu því safnast um tæplega 400 tonn. Matfugl ehf. hafi afnot af haughúsum að Hurðabaki sem taki 500-600 tonn af hæsnaskít. Geymslan gæti því jafnvel tekið við 1-2ja mánaða magni af hæsnaskít til viðbótar ef þörf krefði.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar telur nauðsynlegt að tryggt sé að nægjanlegt landrými sé til staðar til að taka við hæsnaskítinum.

Í svörum Matfugls ehf. kemur fram að búið sé að tryggja nægjanlegt landrými fyrir dreifingu hæsnaskíts. Samkvæmt viðmiðum úr „*Starfsreglum um góða búskaparhætti*“ verði landþörf stækkaðs alifuglabús um 15,5 ha sem sé tæplega 20% af því landi sem Matfugl hafi aðgang að.

**Áhrif á loftgæði.** Umhverfisstofnun bendir á að nærliggjandi íbúðarhús séu í meira en 500 metra fjarlægð frá alifuglabúinu eins og kveðið er um í 24. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Í umfjöllun um loftmengun sé notast við vindróf frá veðurathugunarstöð Veðurstofu Íslands á Skrauthólum. Sú sé aðeins um 4,2 km fjarlægð en þó sé ekki víst að hún sé lýsandi fyrir vindáttir á Melavöllum, enda hafi Esjan eins og fram komi í tilkynningunni mikil áhrif á styrk og stefnu vindsins. Umhverfisstofnun telur þó að það hafi vart afgerandi áhrif á loftmengun þar sem fjarlægð í næstu íbúðarhúsi er rúmlega 700 m (en ekki 1000 m eins og stendur í skýrslunni).

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar telur að við framkvæmdina muni aukast líkur á að lyktarmengun berist til nærliggjandi íbúðarhúsa, sem næst eru bænum á Bakka og

einnig möguleikar að í vissum vindáttum berist hún til Dalsmynnis eða Vesturlandsvegar. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar telur ekki ljóst miðað við fyrirbyggjandi gögn hvort tilskilin 500 m fjarlægð náist frá nærliggjandi íbúðarhúsum að alifuglabúinu.

Í svörum Matfugls ehf. kemur fram að frá starfsemi Matfugls á Melavöllum finnst lykt, rétt eins og frá annarri álíka starfsemi á svæðinu. Staðsetning alifuglabúsins m.v. ríkjandi vindáttir og fjarlægðir til nærliggjandi íbúðarhúsa og Vesturlandsvegar sé þó líklega heppileg m.t.t þessa þáttar. Eins og mælingar úr veðurstöðinni á Skrauthólum sýni séu ríkjandi vindáttir beint út á sjó á þessu svæði. Ábúendur á Bakka og að Dalsmynni hafi lýst því yfir að þeir hafi ekki orðið varir við loftmengun frá starfsemi Matfugls. Fjarlægðin milli alifuglahúsa Matfugls og Vesturlandsvegar sé yfir 1.000 m og er ríkjandi vindátt frá vegi. Það megi þó taka undir það með heilbrigðiseftirlitinu að við vissar aðstæður berst lykt frá starfseminni að ofangreindum stöðum, t.d. þegar borið er á tún. Matfugl ehf vísar í umsögn Umhverfisstofnunar þar sem fram komi að fjarlægð frá syðsta fyrirhugaða alifuglahúsi í næstu íbúðarhúsi á Bakka séu rúmlega 700 m. Nærliggjandi íbúðarhús séu því í meira en 500 m fjarlægð frá alifuglabúinu.

**Fráveita.** Umhverfisstofnun telur upplýsingar vanta um hvað fari í settanka og hve margar persónueiningar búið muni gefa frá sér. Því sé erfitt að segja til um hvort stærð settankanna sé nægjanleg og æskilegt væri að fram kæmi ef gerðar hefðu verið mælingar af heilbrigðisyfirvöldum á frárennslinu.

Í svörum Matfugls ehf. kemur fram að hvert alifuglahús sé þrifið átta sinnum yfir árið með lágþrýstidælum. Skolvatn fari þá úr húsunum og í settank. Áður en þrif hefjist séu húsin mokuð vel, sem dragi verulega úr því magni úrgangs sem endar í tankinum. Ákvarðanir um stærð og fyrirkomulag settanka- og siturlagnakerfis svo og uppsetning og tæming þeirra verði gerðar í fullu samráði við viðkomandi heilbrigðisyfirvöld.

**Sýkingarhætta.** Umhverfissvið Reykjavíkurborgar taldi að nauðsynlegt væri að framkvæmdaraðili gerði grein fyrir áhrifum þess ef sýking kæmi upp á búinu og flytja þyrfti sýktan fugl til förgunar í gegnum íbúðarbyggðina.

Matfugl ehf. svarar að ef upp kæmi sýking á búinu og farga þyrfti fuglum þá yrði hræjunum pakkað í lokaða plastsekki, komið fyrir í þéttum lekaheldum gámum og flutt á viðeigandi urðunarstað í samráði við Umhverfisstofnun og Landbúnaðarstofnun. Fuglaflensa sé í raun eini sjúkdómurinn sem fólki gæti hugsanlega stafað einhver hætta af við flutning á hræjum. Landbúnaðarstofnun, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna hafi verið að skoða þessi mál sérstaklega en ekki tekið endanlega ákvörðun um förgunarleið. Þó væri líklegast að urða fugla sem drepast vegna fuglaflensu á búinu sjálfu, fyrst og fremst til að reyna að hindra það að smit berist í önnur alifuglabú á svæðinu.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða stækkun á kjúklingabúi Matfugls á jörðinni Melavöllum á Kjalarnesi, Reykjavík, úr 84.000 stæðum í allt að 196.000 stæði, með byggingu fjögurra húsa, samtals 6.800 m<sup>2</sup>. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og töluliðar. 13 a, sbr. tölulið 1 fi í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eru stöðvar þar sem fram fer þaueldi alifugla með 85.000 stæði fyrir kjúklinga skilyrðislaust matskyldar skv. tölulið 9i í 1. viðauka laganna. Fyrirhuguð stækkun er ríflega umfram þau stærðarviðmið sem fram koma í umræddum tölulið. Í umsögnum Umhverfisstofnunar, umhverfissviðs Reykjavíkur og borgarráðs Reykjavíkur hefur verið bent á að sé miðað við umfang stækkunarinnar, sem sé meiri en tvöföldun á umfangi rekstrarins, og m.t.t. sammögnunaráhrifa með þeirri starfsemi sem þegar hefur verið leyfð, eigi framkvæmdin að fara í mat á umhverfisáhrifum. Undir þessi sjónarmið tekur Skipulagsstofnun.

Skipulagsstofnun telur að megináhrif vegna stækkunar alifuglabúsins séu vegna mengunaráhrifa frá úrgangi sem falla mun frá búinu. Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við uppgæfin viðmiðunargildi Matfugls ehf. varðandi magn hæsnaskítis og einnig við viðmiðunargildi um köfnunarefnisinnihald hans. Töluvert ber á milli viðmiðunargilda Matfugls ehf. og Umhverfisstofnunar sem getur haft úrslitaáhrif á hve mikil umhverfisáhrif framkvæmdin mun hafa í för með sér. Ljóst er að ef gengið út frá þeim viðmiðunargildum sem Umhverfisstofnun gefur upp telur Skipulagsstofnun líklegt að stækkunin muni geta valdið talsverðum neikvæðum áhrifum á köfnunarefnismagn í jarðvegi og grunnvatni. Því telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að rannsaka vel hve mikill úrgangur muni falla frá stækkun búi og hvert köfnunarefnisinnihald hans verði. Umhverfisstofnun og umhverfissvið Reykjavíkurborgar gera sams konar athugasemdir varðandi landrými sem ætlað er undir úrgang frá búinu. Skipulagsstofnun telur að til þess að geta sagt til með vissu hve mikið landrými þarf undir úrgang, þurfi að liggja fyrir betri gögn varðandi magn og köfnunarefnisinnihald úrgangs vegna starfseminnar. Þá telur Skipulagsstofnun að leggja þurfi fram gögn um hvaða áhrif það muni hafa á jarðveg og grunnvatn að dreifa hæsnaskít í því magni sem fyrirhugað er í landi Melavalla og Dalsmynnis. Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir umhverfissviðs Reykjavíkurborgar um að auknar líkur séu á að lyktarmengun berist til nærliggjandi íbúðarhúsa, sérstaklega þar sem ætlunin er að dreifa hæsnaskít á mun stærra svæði í nágrenni búsins en þegar hefur verið gert.

Skipulagsstofnun tekur undir athugasemdir umhverfissviðs og borgarráðs Reykjavíkurborgar um að á Kjalarnesi séu nú þegar nokkur stór alifugla- og svínabúi og því þurfi að skoða áhrif stækkunar búsins í því samhengi, þó svo að Matfugl ehf. bendi á að hann sé utan þéttasta kjarna slíks reksturs. Eins og fram kemur í framlögðum gögnum Matfugls ehf. hefur verið mikil aukning á neyslu svína- og kjúklingakjöts undanfarin ár. Því telur Skipulagsstofnun ekki ólíklegt að fleiri sambærilegir rekstaraðilar og Matfugl ehf. hugi einnig að frekari stækkun sinna búa á svæðinu.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að Reykjavíkurborg hugi að mati á samlegðaráhrifum landbúnaðarstarfsemi á Kjalarnesi í aðalskipulagi svo hægt sé að marka skýra stefnu um hve umfangsmikið eldi á svínum og kjúklingum svæðið beri með tilliti til umhverfisáhrifa starfseminnar.

Skipulagsstofnun telur að til þess að upplýst ákvarðanatataka geti átt sér stað varðandi umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar, sérstaklega í ljósi umfangs hennar og sammögnunaráhrifa, sé nauðsynlegt að fá betri vitneskju um ýmsa þá þætti framkvæmdarinnar sem valdið geta áhrifum á umhverfið.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Matfugls ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Matfugls ehf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að stækkun alifuglabús á Melavöllum, Kjalarnesi, kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Niðurstaða Skipulagsstofnunar byggir á því að um er að ræða umfangsmikla stækkun sem skilyrðislaust er matskyld skv. tölulið 9i í 1. viðauka laganna. Ennfremur vísast til eftirfarandi atriða sem tilgreindir eru í 3. viðauka með lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br.:

1. Eðli framkvæmdar, einkum með tilliti til:
  - i. stærðar og umfangs framkvæmdar
  - ii. sammögnunaráhrifa með öðrum framkvæmdum
  - iv. úrgangsmýndunar
  - v. mengunar og ónæðis
2. Staðsetningu framkvæmdar þ.e. hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á með tilliti til:
  - i. landnotkunar sem fyrir er eða fyrirhuguð samkvæmt skipulagsáætlun
3. Eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar þ.e. áhrifa framkvæmda með tilliti til:
  - iv. stærðar og fjölbreytileika áhrifa
  - v. þess hverjar líkur eru á áhrifum

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. ágúst 2007.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Rut Kristinsdóttir

